




Upplýsingaöryggisstefna

UTD fylgir eftirfarandi upplýsingaöryggisstefnu:

1. Hlutverk UTD er að tryggja öryggi upplýsinga UTD og viðskiptavina sinna m.t.t leyndar, réttlæika og tiltækileika.
2. UTD fylgir markmiðum, lögum, reglum og leiðbeiningum fyrir stjórn upplýsingaöryggis sem eru grundvöllur skipulags og viðhalds ráðstafana sem standa vörð um leynd, réttlæika og tiltækileika gagna og upplýsingakerfa auk þess að fylgja öllum samningum sem UTD er aðili að og varða upplýsingaöryggi.
3. Stefna UTD í upplýsingaöryggismálum er bindandi fyrir alla starfsmenn deildarinnar og nær til allra þjónustuaðila sem veita UTD þjónustu.
4. Allir starfsmenn UTD eru skuldbundnir til að vernda gögn og upplýsingakerfi gegn óheimilum aðgangi, notkun, breytingum, uppljóstrun, eyðileggingu, tapi eða flutningi.
5. Starfsmenn UTD, viðskiptavinir og þjónustuaðilar eru hvattir til að tilkynna upplýsingaöryggisatvik og frávik sem upp koma í þeim tilgangi að stuðla sífellt að stöðugum umbótum.
6. UTD framkvæmir reglulega áhættumat og innri úttektir til þess að ákveða hvort frekari aðgerða sé þörf og greina tækifæri til stöðugra umbóta.
7. Upplýsingaöryggisstjóri gefur árlega út skýrslu varðandi framkvæmd og virkni UTD gagnvart þessari stefnu.
8. Starfsmönnum, þjónustuaðilum, núverandi og fyrrverandi, er óheimilt að veita upplýsingar um innri mál UTD, viðskiptavina eða annarra starfsmanna.
9. UTD stuðlar að virkri öryggisvitund starfsmanna, viðskiptavina, þjónustuaðila og gesta. Starfsemi og starfshættir starfsmanna UTD skulu vera til fyrirmyndar hvað varðar upplýsingaöryggi.
10. UTD endurskoðar þessa stefnu eins og tilefni er til en að lágmarki á tveggja ára fresti.
11. UTD mun fylgja *IST ISO/IEC 27001:2013 – Stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi* sem er grundvöllur skipulags og viðhaldsaðgerða sem hafa það að markmiði að tryggja *leynd, réttlæika og tiltækileika* gagna og upplýsingakerfa.
12. Stefnu deildarinnar í upplýsingaöryggismálum er nánar lýst í Skipulagshandbók UTD um upplýsingaöryggi.

Reykjavík, október 2016


Óskar J. Sandholt
Skrifstofustjóri þjónustu og reksturs


Jón Ingi Þorvaldsson
Deildarstjóri Upplýsingatæknideildar